

um breyt. á l. nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Skýlt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lakkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

- a) Einstaklinga: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.
- b) Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
- c) Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.
- d) Heil sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

3. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkvæmt 3. gr., ákveður vátryggandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattmatsverð.

Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálf skattmatsverð.

Þeir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fá 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

4. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Vátryggingarsjóður bætir að fullu vátryggingarverð, en þó því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fóðurskort, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum. Frá bótum dragast nytjar vanhaldafénaðar eftir hæfilegu mati.

5. gr.

Síðasti másl. 1. málsg. 8. gr. laganna orðist svo:

Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.

6. gr.

Fyrir orðin „300 þúsund krónur“ í 9. gr. laganna kemur: 500 þúsund krónur.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 113 13. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur verið til athugunar á tveimur búnaðarþingum. Er frv. nú flutt að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð, samín af millipinganefnd búnaðarþings:

Nefndin hefur kynnt sér eftir föngum hag og rekstur Búfjártryggingardeildar Brunabótafélags Íslands, bæði með athugun á reikningum hennar og með samtölum við skrifstofustjóra deildarinnar. Er ljóst af þeim upplýsingum, að rekstrarhorfur

hennar eru þannig, að með óbreyttum aðstæðum virðist útilokað, að hún geti starfað til frambúðar.

Þetta sést best á því, að árið 1949 varð tekjuhallinn kr. 123 072.11, árið 1950 kr. 78 245.83 og s. l. ár kr. 67 241.01. Samtals á þessum 3 árum kr. 268 558.95. Væri sjóðurinn þannig kominn í þrot nú þegar, ef framlag ríkisins (kr. 300 000.00), sem greitt hefur verið inn á þessu tímabili, hefði ekki staðið undir hallanum. Hallinn er að vísu stórum minni í krónutölu s. l. ár en áður, en það stafar að nokkru af hækkuðu tryggingargjaldi, t. d. hefur tryggingargjald á skyldutryggðar ær hækkað úr 1.5% í 3.5%, kýr í frjálsri tryggingu úr 2% í 7% og sauðfjárhópa 0.3—1.5% í 3—5%. Þetta olli aftur stórfelldum samdrætti í tölu þess búfjár, sem tryggt hefur verið í frjálsri tryggingu. Þetta sést best á því, að þrátt fyrir áðurtaldir hækkunar á iðgjöldum 1951 lækka tekjur sjóðsins það ár, á tryggðum kúm úr kr. 41 152.62 niður í kr. 27 657.95 og á sauðfé úr kr. 25 832.75 niður í kr. 12 113.10. Samhliða þessu má gera ráð fyrir, að einmitt þeir, sem reynslu hafa haft fyrir mestum vanhöldum í fénaði sínum, hafi aðallega setið eftir hjá tryggingunum, þegar svona var komið, og vanhöldin því hlutfallslega meiri eftir en áður. Hækkunin á iðgjöldunum hefur því ekki komið að eins miklu haldi og ætlað var.

Af framansögðu er ljóst, að eina úrræðið, sem séð verður að völ sé á, er að lækka kröfurétt tryggjenda til bóta og reyna að koma að nokkru til móts við þá, sem í reyndinni hafa vanhaldalítinn búfénað, með lækkun á iðgjöldum.

Breytingartillögur þær, sem við leggjum því hér til, eru byggðar á þessu viðhorfi. Kynbótafé, sem tryggt hefur verið fyrir ótakmarkaðar fjárhæðir, er sett í þrefalt skattmat sem hámark, og þótt það sé að vísu oft ekki fullar bætur, má þó segja að „betri sé hálfur skaði en allur“. Í hlutfalli við þetta eru svo aðrar tryggingar færðar niður frá því, sem nú er mælt fyrir um. Auk þess er þar tekið tillit til aldurs, rýrnunar og árstrygging ákveðin, þar sem á því hefur borið, að menn hafa gjarnan tryggt aðeins fyrir þann tíma, er mest hætta hefur verið á vanhöldum. Af sömu ástæðu höfum við lagt til, að aðeins væru heil kúabú (hvort sem þau eru stór eða lítil) tekin til tryggingar, þar sem annars mætti vænta, að einungis væru tryggðir af sumum kúaeigendum þeir gripir, sem helst mætti vænta vanhalds á. Enn fremur er fellt niður, að kálfleysi sé bótaskyld, þar sem reynsla er fyrir, að það hefur orðið tryggingunum þungt í skauti og oft erfitt að segja um, hvað þar er bótaskyld með réttu. Þetta mundi draga nokkuð úr greiðsluskyldu sjóðsins án þess að skerða að mun bótarétt þeirra, er fyrir stóraföllum verða. Í sama tilgangi er lagt til, að bótaréttur á allt að 5% af vanhöldum sauðfjárbúa verði felldur niður.

Þá er bætt inn í nýrri málsgrein um afföll á iðgjöldum þeirra, sem hafa vanhaldalítinn búfénað. Hefur þetta tíðkazi í Noregi að sögn, er mjög sanngjarnt og mikil hvöt fyrir þá að tryggja, sem þó hafa vanhaldalítinn bústofn. Þá er og hagsmunaauki fyrir tryggjendur, að gert er ráð fyrir, að tryggingarupphæðin sé öll greidd, þar sem nú gildir nokkur frádráttur.

Svo sem áður er sagt, er framlag ríkisins nú þegar uppeytt að mestu og því ekki önnur úrræði fyrir hendi en leita á náðir ríkissjóðs um aukið framlag, eins og hér er gert með breytingartillögunni við 9. grein.

Þau meginatriði, sem verða að vera fyrir hendi, ef tryggingarnar eiga að geta haldið áfram starfsemi sinni, eru ríflegt framlag ríkissjóðs, hóflegar bótageiðslur og mikil þátttaka.

Jón Sigurðsson.

Gunnar Þórðarson.

Ásgeir Bjarnason.